

grösin og blöðin á trjánum, þá segi eg: *Sjáið nú til! Þau hafa lokið verki sínu. Þau eru búin að vinna það, sem guð atlaði þeim að vinna. Þau fara sjálf; en verkið sitt, sem guð fékk þeim að vinna, skilja þau eftir, til þess að aðrir hafi gott af því.*

Þetta segir haustið við okkur öll. Og það mianir okkur þá á verkið, sem guð hefur fengið okkur í hendur að vinna. Og það hvetur okkur til þess að vinna trúlega verkið okkar og gera það eins og guð vill að það sé gert. Og þá segir „haustið“ okkar, haustið æfi okkar, um hvern okkar: „Hann lauk verkinu, sem guð fékk honum í hendur að vinna. Hann fór heim, en skildi eftir það, sem hann vann, öðrum til blessunar.“

Það er ekki nóg, að einhver segi þetta um okkur. Og það er ekki ánægjuleg tillugsun, að þetta verði sagt um okkur, ef það er ekki satt. Ósannindi gera engan glaðan. En það kemtur marg-oft fyrir, að um margan er sagt: „Hann hefur lokið verkinu sínu“—þó ekki sé það satt. Þó hann í rauninni hafi ekki byrjað á verkinu sínu. Hafi einlægt verið að hugsa um allt annað en það, sem guð vildi að hann ynni. Eða hafi ekki verið nema að eins byrjaður á því, af því hann sá svo seint, hvað guð atlaði honum að gera.

Guð þarf sjálfur að segja þetta um okkur, að við höfum lokið verki okkar — verkinu, sem hann fékk okkur. Þá verður „haustið“ okkar dýrðlegt.

Og lexian, sem hvert haust vill kenna okkur að læra, er sú, að við hugsum um verkið okkar og vinnum það. Vinnum það, sem guð vill að við vinnum. Lífum svo, að við sjálf höfum gott af því, og aðrir líka. Og lífið okkar verði gudi til dýrðar.

Haustið vill þá vera gott við okkur.

HAUST-LJÓÐ.

Eg vil minna ykkur á haust-ljóðin nr. 80 í *Bandalags-söngunum*: „Mér kem þú líkt þér, bjarkar-blað! að blikna glaðr, er haustar að.“ Þau eru falleg. Þið ættuð að læra þau. Og læra að syngja þau. Danska skáldið Adam Oehlenschläger hefur orkt þau. Hann dó um miðja síðastliðna öld. Skáldið okkar, Grímur heitinn Thomsen, sem dó fyrir nokkrum árum, býddi. Var þýðingu hans ofur-lítið breytt söngsins vegna. Lagið er nr. 161 í kirkjusöngsbók Bjarna Þorsteinssonar: „Að